

- 93** Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugar-
7. maí uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftir-
stöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur
verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsuðuvélar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsavélar á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og þegar spennan er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því, sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veðifélag Vatnsdalsár.

1. Hjaltabakki	26 einingar.
2. Skinnastaðir	40 —
3. Akur	69 —
4. Stóra-Giljá	7 —
5. Beinakelda	3 —
6. Litla-Giljá	5 —
7. Hnausar	91 —
8. Bjarnastaðir	72 —

9. Másstaðir	17 einingar.
10. Hjallaland	13 —
11. Hvammur	22 —
12. Eyjólfssstaðir	20 —
13. Hof	37 —
14. Kötlustaðir	20 —
15. Giljá	14 —
16. Marðarnúpur	7 —
17. Guðrúnarstaðir	3 —
18. Kárdalstunga	2 —
19. Þórormstunga	45 —
20. Sunnuhlíð	7 —
21. Forsæludalur	41 —
22. Grímstunga	105 —
23. Haukagil	55 —
24. Saurbær	43 —
25. Ásbrekka	24 —
26. Ás	36 —
27. Brúarstaðir	8 —
28. Snæringssstaðir	7 —
29. Undirfell	38 —
30. Kornsa	18 —
31. Gilsstaðir	15 —
32. Flaga	15 —
33. Helgavatn	15 —
34. Hnjúkur	16 —
35. Breiðabólssstaður	13 —
36. Miðhús	16 —
37. Vatnsdalshólar	104 —
38. Sveinsstaðir	115 —
39. Steinnes	41 —
40. Leysingjastaðir	15 —
41. Þingeyrar og Geirastaðir	200 —

Samtals 1500 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.